

Til Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, 613. mál, heildarlög

Reykjavík 14. maí 2008

Almenn umsögn

Nýtt frumvarp um sjúkratryggingar skilgreinir hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kveður á um að öllum verði tryggður aðgangur að góðri heilbrigðisþjónustu. Fjallað er um kostnaðarpáttöku ríkisins við heilbrigðisþjónustuna án þess að sú þátttaka sé tilgreind nema varðandi sjúkrahúsvist (ókeypis). Tryggja á að öllum standi til boða heilbrigðisþjónusta sem er sambærileg við það sem nágrannaþjóðir okkar bjóða upp á. Sjúkratryggingastofnun er falið að gera samninga við ríkisreknar og einkareknar heilbrigðisstofnanir, innlendar sem erlendar, og á hún að hafa hagkvæmni, gæði, öryggi og aðgengi að þjónustunni að leiðarljósi. Þessi meginhugsun frumvarpsins er að mínu mati nútímaleg og mun sveigjanlegri en núverandi kerfi.

Frumvarp til laga um sjúkratryggingar er rammalöggjöf sem fyrst og fremst snýst um að afmarka hverjir fara með samningagerð um heilbrigðisþjónustu og hver ákveði kostnaðarskiptinguna. Í lögnum er ekki tiltekið hver kostnaðarskiptingin milli ríkis og sjúkratryggðra er en vísað er til reglugerða sem heilbrigðisráðherra setur. Ég tel að það geti verið skynsamlegt að Alþingi fjalli t.d. um nýja þjónustu sem á að fara að veita eða þjónustu sem á að fella niður og að Alþingi fjalli einnig um hve stóran hluta ríkið eigi að greiða af kostnaðinum. Heilbrigðisráðherra og Sjúkratryggingastofnun sæju síðan um að gera samninga um þjónustuna en þessir aðilar ákveði ekki einhliða hvað þjónustu á að veita og hver kostnaðarskiptingin er.

Athugasemdir við nokkrar greinar

1. gr.

Ég hef ákveðnar efasemdir um að rétt sé að nota orðið *jafnan* um aðgang að heilbrigðisþjónustu. Hluti af aðgangi er aðgangseyrir og það er ekki ætlunin að hann sé hinn sami (jafn) hjá öllum. Til dæmis eru tannlækningar barna greiddar að hluta en ekki

fullorðinna. Ég legg því til að orðið *jafnan* falli úr fyrstu málsgrein. Málsgreining verður þá: „*Markmið laga þessara er að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, lög um réttindi sjúklinga og önnur lög eftir því sem við á.*”

2. gr.

“*Heilbrigðisráðherra markar stefnu innan ramma laga þessara, laga um heilbrigðisþjónustu og annarra laga. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni.*” Ég tel að ráðherra fái of mikið vald til að marka stefnu og framfylgja henni. Eins og fram kemur í almennu umsögninni eru lögín mjög opin og mikið vald sett í hendur ráðherra, vald sem hann er ekki öfundsverður af. Ég tel að Alþingi eigi að ræða stefnumörkun og kostnaðarskiptingu einstakra þátta heilbrigðisþjónustunnar.

6. gr.

Í 4. gr. er talað um heilbrigðisráðherra en í 6. gr og reyndar fleiri greinum um ráðherra. Ég legg til að alls staðar í frumvarpinu verði orðinu ráðherra breytt í heilbrigðisráðherra.

18. gr.

“*Sjúkratryggingar taka til ókeypís vistar að ráði læknis í sjúkrahúsum sem rekin eru af ríkinu eða samkvæmt samningum...*” Ég legg til að ókeypís verði tekið út úr setningunni. Þar með er ekki verið að segja að ríkið greiði ekki allan kostnað. Mörgum þykir þó sérkennilegt að einn fari í aðgerð á sjúkrahús og borgi ekkert meðan annar fer í sömu aðgerð á stofu og borgi hluta kostnaðar.

19., 20., 21 og 22. gr.

Í 19., 20. og 21. grein er orðinu nauðsynlegar skotið inn í setningarnar en ekki í 22. gr. sbr. í 19. gr.: *Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegra rannsókna og meðferðar hjá sérgreinalæknum*, en í 22. gr. *Sjúkratryggingar taka til annarrar sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu*. Í 22. gr. stendur ekki: *annarrar nauðsynlegrar sérhæfðrar...* Ég legg til að orðið nauðsynlegar verði tekið út í greinum 19 til 21. Það er hvort sem er eftir að skilgreina nákvæmlega fyrir hvaða þjónustu er greitt í reglugerð (eða lögum skv. minni tillögu).

Virðingarfyllst,



Gísli Ragnarsson skólameistari
Fjölbautaskólans við Ármúla